

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík, 1. apríl 2009
Tilvísun: UST20090300008/áb

Suðurlandsvegur frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði. Frummatsskýrsla

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 26 febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu fyrir tvöföldun Suðurlandsvegar frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við frummatsskýrsluna.

Náttúruminjar

Það er ljóst af frummatsskýrslunni að hönnun mismunandi vegavalkosta hefur tekið mið af því að gengið er eins lítið á náttúruminjar eins og kostur er. Einnig er ljóst að skerðing Svínahrauns er haldið í lágmarki ef vegkostur 2+1 verður fyrir valinu, enda njóta eldhrun sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/199 um náttúruvernd..

Vatnsvernd

Samkvæmt frummatsskýrslu fer Suðurlandsvegur "um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins, bæði um fjarsvæði A og B. Í Ölfusi liggur Suðurlandsvegur um grann- og fjarsvæði vatnsverndar og í Kömbum fer vegurinn um grannsvæði vatnsbóls Hvergerðinga." Umhverfisstofnun telur fyrirhugaðar vegaframkvæmdir vera tækifæri til að bæta öryggi vatnsverndarsvæða sem skarast við Suðurlandsveg. Eins og kemur fram í frummatsskýrslu mun tvöföldun vegarins minnka líkur á mengunarslysum vegna flutnings á olíu eða annarra mengandi efna. Umhverfisstofnun telur farsælast að hönnun Suðurlandsvegar taki ávallt mið af því að lágmarka skaða af hugsanlegum mengunarslysum, eins og er fjallað um í skýrslunni.

Frágangur eftir vegaframkvæmdir

Umhverfisstofnun er reiðubúin til samráðs við framkvæmdaraðila um mótvægisáðgerðir við frágang eldri ummerkja vegagerðar í nágrenni framkvæmdarsvæðis, þar með talið gamlar skeringar og námur. Umhverfisstofnun er ekki sammála því sem kemur fram í

frummatsskýrslu að það þurfi ekki að lagfæra röskuð svæði og vegaxlir sem hafa gróið upp á undanförunum áratugum. Umhverfisstofnun telur að það þurfi að laga slík röskuð svæði þannig að þau falli sem best að svipmóti lands. Að öðru leyti telur Umhverfisstofnun að það eigi að haga fyrirhuguðum framkvæmdum þannig að það sé ekki líklegt að svæði séu röskuð ítrekað, sem gefur hæg vaxta mosagróður tíma til að græða landið.


Öryggissvæði


Til að takmarka rask utan fláafótar fer Umhverfisstofnun fram á að öryggissvæði Suðurlandsvegur verði hluti af vegfláa eins og kostur er.

Niðurstaða

Frummatsskýrslan er vel unnin og með góða umfjöllun um mismunandi valkosti fyrir Suðurlandsveg frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði. Framkvæmdarsvæðinu hefur þegar verið raskað að mestu leyti. Einnig verður framkvæmdin að mestu leyti á núverandi vegsvæði. Aðal áhrifin eru því vegna aukins umfangs mannvirkja og efnistöku. Umhverfisáhrifin verða því að mestu sjónræn, vegna aukins umfangs mannvirkja ásamt röskun á hrauni og gróðri. Að mati Umhverfisstofnunar er því framkvæmdin, eins og henni er lýst, ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Af mismunandi valkostum er ljóst að 2+2 vegkostum fylgja stærri mannvirki og rask en fyrir 2+1 vegkostinn. Umhverfisstofnun telur því að 2+1 valkosturinn valdi minni umhverfisáhrifum en 2+2 valkostirnir. Hins vegar er mikilvægt að velja vegkost eða haga framkvæmdum í byrjun þannig að það leiði ekki til ítrekaðs rasks á gróðurþekju, svo hún nái sér á strik sem fyrst. Einnig er ljóst að allir valkostir, nema núllkostur, bæta umferðaröryggi og því minnka líkur á alvarlegum mengunarslysum, til dæmis vegna olúflutninga. Umhverfisstofnun hvetur framkvæmdaraðila til að nota tækifærið til að haga hönnun vegarins í hvívetna þannig að afleiðingar af hugsanlegum mengunarslysum verði í lágmarki á þeim vatnsverndarsvæðum sem Suðurlandsvegur liggur um.

Virðingarfyllst


Asgeir Björnsson
sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
deildarstjóri